

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og fógetagjörð skulu vera óröskuð. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, alþingismaður Jón Ólafsson, stefnda, Kr. Ó. Þorgrímssyni, 12 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 7/1887.

Hið opinbera
gegn

Ingjaldi Sigurðssyni, Þórði
Jónssyni og 27 öðrum.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, gengnum 10. dag aprilmán. f. á., voru þeir menn, sem nú skulu nefndir, dæmdir til sekta fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt fyrir Rosmhvalaness-hrepp innan Skaga, Vatnsleysustrandar-, Garða-, og Bessastadahreppa, dags. 9. júní 1885: 1. Ingjaldur Sigurðsson í 70 kr. sekt; 2. Þórður Jónsson í 140 kr. sekt; 3. Þórður Guðmundsson í 240 kr. sekt; 4. Sigurður Andrjesson í 80 kr. sekt; og 5. Guðmundur Einarsson, 6. Erlendur Björnsson, 7. Jón Á. Gíslason, 8. Ámundi Ámundason, 9. Hermann Einarsson, 10. Jón Þórðarson, 11. Jón Ólafsson, 12. Guðmundur Sigurðsson, 13. Sigurður Einarsson, 14. Pjetur Sigurðsson, 15. Ólafur Guðmundsson, 16. Sigurður Jónsson í Mýrarhúsum, 17. Jón Jóhannesson, 18. Brynjólfur Bjarnason, 19. Otti Guðmundsson, 20. Björn Björnsson, 21. Ólafur Ingimundsson, 22. Narfi

Vigfússon, 23. Jón Jónsson í Grímstaðakoti, 24. Ófeigur Guðmundsson, 25. Jón Jónsson í Nesi, 26. Sigurður Jónsson í Skildinganesi, 27. Ólafur Þormóðsson, 28. Sveinn Þorsteinsson og 29. Andrjes Árnason—, í 60 kr. sekt hver þeirra. Skyldu sektirnar renna hálfar til tilsjónarmanna, en hálfar í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldu og hinir kærðu greiða einn sem allir og allir sem einn allan af málinu leiðandi kostnað.

Þessum dómi er að beiðni hinna kærðu skotið til yfirdómsins. En yfirdómsstefnan hefur ekki verið löglega birt fjórum þeirra, sem sje nr. 4, 6, 28 og 29. Nr. 4 er af stefnuvottunum sagður farinn til Vesturheims, áður stefnan yrði birt honum; að því snertir birtingu stefnunnar fyrir nr. 6, þá hafa stefnuvottarnir ekki nafngreint hann í vottorði sínu; og að því snertir birtinguna fyrir nr. 28 og 29, þá er vottorð stefnuvottanna um hana ekki gefið með skýrskotun til stefnuvottaeiðs þeirra. Að því þessa 4 menn snertir, verður því að vísa stefnunni frá yfirdóminum. Það er í málinu sannað, að hinir kærðu hafa í fyrra á vetrarvertíðinni brotið áðurnefnda samþykkt, með því að leggja þorskanet í sjó fyrir utan þá línu, sem samþykktin um getur; hefur nr. 2 gjört það tvívegis, og nr. 3 þrisvar, en hver hinna í eitt skipti, og verður því ekki komið hjá að dæma þá til sekta samkvæmt 1. grein samþykktarinnar, og virðast sektir þær, sem þeir hafa til unnið, hæfilega ákveðnar þannig, að nr. 1, er var hreppstjóri, og nr. 2 og 3, er brutu optar en einu sinni, greiði 60 kr. hver, en hver hinna annara kærðu 50 krónur. Sektirnar renni að helmingi í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps, en að helmingi til tilsjónarmanna, — þó að hinum

kærða Sigurði Andrjessyni undan skildum, er sjálfur var tilsjónarmaður.—Svo ber hinum kærðu og að greiða allan af málinu bæði í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, með $\frac{1}{25}$ hverjum þeirra.

Þess skal getið, að í málinu fyrir yfirdómi hafa komið fram nokkur vottorð frá 4 af hinum kærðu sjálfum, er eiga að sýna að ekki hafi allt til gengið eins og segir í undirrettar-dómsgjörðunum, sem sje að 4 af þeim hafi ekki mætt í lögreglurjettinum í Keflavík 26. marz f. á., eins og dómsgjörðirnar bera með sjer; en það er hvorttveggja að þessi skjöl ekki í sjálfu sjer geta haft sönnunargildi, enda er það sannað, að þeim hefur verið löglega stefnt fyrir lögreglurjett í Keflavík þann dag.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því yið yfirdóminu lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Að því snertir hina kærðu, Sigurð Andrjesson Erlend Björnsson, Svein Þorsteinsson og Andrjes Árnason, vísast stefnunni frá yfirdóminum. — Ingjaldur Sigurðsson, Þórður Jónsson og Þórður Guðmundsson eiga að sæta 60 kr. sekt hver þeirra; Guðmundur Einarsson, Jón Á. Gíslason, Ámundi Ámundason, Hermann Einarsson, Jón Þórðarson, Jón Ólafsson, Guðmundur Sigurðsson, Sigurður Einarsson, Pjetur Sigurðsson, Ólafur Guðmundsson, Sigurður Jónsson í Mýrarhúsum, Jón Jóhannesson í Nýjabæ, Brynjólfur Bjarnason, Otti

Guðmundsson, Björn Björnsson á Litlavelli, Ólafur Ingimundsson, Nafi Vigfússon í Nesi, Jón Jónsson í Grímstaðakoti, Ófeigur Guðmundsson, Jón Jónsson í Nesi, Sigurður Jónsson í Skildinganesi og Ólafur Þormóðsson,—eiga að greiða 50 króna sekt hver þeirra. Sektirnar renni að hálfu í sveitarsjóð Rosmhvalaness-hrepps, en að hálfu til tilsjónarmanna, þó ekki til hins kærða Sigurðar Andrjessonar.—Svo greiði og hinir kærðu allan af málinu í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflyttingslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors þeirra, að $\frac{1}{25}$ hluta hver þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. maímán.

Nr. 19/1886.

Bergur prófastur Jónsson
vegna Vallanesskirkju

gegn

Sigurði Hallgrímssyni og
Gunnari Pálssyni.

D ó m u r :

Mál þetta, sem áfrýjað hefur verið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. ágúst f. á., hefur tvívegis verið tekið fyrir til meðferðar af sáttanefnd, fyrst eptir sáttafyrirkalli, út gefnu 24. maí 1884, og aptur eptir fyrirkalli,